

Bæjarráð

Efni: Erindi frá Hafnasamlagi Norðurlands um heimild til að innheimta gjald á bifreiðastæði á lóð HN við Oddeyrtanga á Akureyri.

Hafnasamlag Norðurlands hefur útbúið bifreiðastæði á lóð við Oddeyrtanga á Akureyri, sem er fyrst og fremst ætlað fyrir hópferðabifreiðar og bifreiðar sem þjónusta skemmtiferðaskip á Akureyri auk þess sem aðrir langferðabílar geta nýtt sér stæðið í stað þess að þeim sé lagt víða um bæ jafnvel án heimildar. En mikil þörf hefur verið fyrir slík stæði á Akureyri í langan tíma.

Kostnaður HN við að útbúa bifreiðastæðið hefur verið um kr. 80 mkr.



Það er ætlun HN að geta innheimt gjald af þeim sem leggja á stæðinu til að standa straum að stofnkostnaði og viðhaldi.

Með vísan til 2. og 3. mgr. 86. gr. umferðaralaga nr. 77/2019, þar sem segir að sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjalddöku fyrir hana á landi í umráðum hennar, óskar HN eftir því að fá heimild Akureyrarbæjar að innheimta gjald á bifreiðastæðinu samkvæmt gjaldskrá sem HN setur.

Veiti bæjarráð heimild til þessa mun HN sjá um allt viðhald og rekstur á umræddu bifreiðastæði. Notast verður við sjálfvirkar myndavélar sem lesa bílnúmer við komu og brottför og því munu stöðuverðir Bifreiðastæðasjóðs Akureyrarbæjar ekki þurfa að koma að eftirliti á þessu tiltekna stæði.

Akureyri 17. Janúar 2024.


Pjetur Ólafsson
HAFNASAMLAG NORÐURLANDS
Hafnarstjórn